


Niðjamót Rannveigar Jónasdóttur og Séra Hallgríms Þorsteinssonar



Steinsstaðir í Öxnadal, 1859 (teikning: Georg Winkler)

Rannveig Jónasdóttir fæddist 7 janúar 1777 í Hvassafelli í Eyjafirði, dóttir hjónanna Jónasar Tómassonar bónda (af Hvassafellsætt) og Margrétar Jónsdóttur frá Völlum. Rannveig giftist árið 1799 Hallgrími Þorsteinssyni. Foreldrar hans voru séra Þorsteinn Hallgrímsson í Starrá-Árskógi og fyrri kona hans Jórunn Lárusdóttir Scheving. Hallgrímur varð stúdent frá Hólaskóla 1799. Í Íslenskum æviskráum fær hann þessi ummæli: "ásjálegur maður, dável gefinn, söngmaður ágætur". Þau Rannveig og Hallgrímur voru fyrstu fjögur hjúskaparárin í Hvassafelli, og þar fæddust tvö elstu börn þeirra, Þorsteinn árið 1800 og Rannveig 1802. Árið 1803 fluttust þau hjónin að Hrauni í Öxnadal, er Hallgrímur réðst sem aðstoðarprestur séra Jóns Þorlákssonar á Bægisá. Á Hrauni voru þau í fimm ár og þar fæddist þriðja barn þeirra, Jónas, 1807. Frá Hrauni fluttu þau að Steinss töðum í sömu sveit, og yngsta barn þeirra, Anna Margrét, fæddist þar 1815. Þann 4 ágúst árið 1816 drukknaði séra Hallgrímur þar sem hann var við silungsveiðar í Hraunsvatni. Rannveig bjó áfram á Steinss töðum ásamt börnum sínum, þangað til dóttir hennar Rannveig og tengdasonur, Tómas Ásmundsson, tóku við búi. Um tíma var Rannveig ráðskona hjá Grími Jónssyni, amtmanni á Möðruvöllum í Hörgárdal og hafði þar hjá sér Önnu Margréti dóttur sína sem þá var enn á barnsaldri. Rannveig fluttist aftur í Steinssstaði og átti þar heima hjá dóttur sinni og fjölskyldu hennar til dauðadags, en hún lést á Steinss töðum í hárri elli 7. september 1866.



Steinsstaðir í Öxnadal

Þorsteinn Hallgrímsson (1800-1857)

Þorsteinn Hallgrímsson var fæddur að Hvassafelli í Eyjafirði 17. ágúst árið 1800. Hann fluttist síðan með foreldrum sínum að Hrauni í Öxnalad vorið 1803 og þaðan í Steinstaði vorið 1808. Þorsteinn kvæntist 22. maí 1829 Guðnýju Þórðardóttur frá Kjarna í Eyjafirði f. 1798. Þau bjuggu á Neðstalandi í Öxnalad 1829-1838, síðar að Hvassafelli 1838-1857. Þorsteinn og Guðný eignuðust 7 börn, upp komust Hallgrímur, Jónas, Þorsteinn og Rannveig en tvíburarnir, Björn og Benedikt f. 1833, og sonurinn, Þórður f. 1836, dóu allir ungrir. Þorsteinn andaðist í Hvassafelli 2. apríl 1857 en Guðný þar ári síðar 22. nóvember 1858. Í manntali 1835 er Þorsteinn sagður: húsbondi, vefari og

smiður á Neðstalandi og Guðný kona hans húsfrú og vefari. Um Þorstein er sagt að „hann hafi verið vel metinn sæmdamaður í hvítvetna.“



Snjólaug Hallgrímsdóttir



Ásdís Þorsteinsdóttir



Gamli bærinn í Hvassafelli í Eyjafirði

Hallgrímur Þorsteinsson (1830-1876)

Hallgrímur Þorsteinsson fæddist 1. apríl 1830 á Neðstalandi. Hann var elstur barna Þorsteins og Guðnýjar og er með þeim tju ára gamall í Hvassafelli. Þar á hann heima til ársins 1861, en eftir það er hann í vinnumennsku og húsmennsku á ýmsum bæjum í Eyjafirði, meðal annars hjá systur sinni á Kotá við Akureyri. Hallgrímur giftist ekki en eignaðist tvar dætur með Önnu Jónsdóttur, Önnu Sigríði f. 18. apríl 1861 og Snjólaugu f. 19. des. 1865. Hallgrímur dó á Tjörnum í Saurbærarhreppi 1876.

Jónas Þorsteinsson (1831-1895)

Jónas Þorsteinsson fæddist 3. nóvember 1831 á Neðstalandi. Hann flytur með foreldrum sínum og braðrum í Hvassafelli. Hann giftist Rósu Guðjónsdóttur í Sörlatungu f. 1836. Jónas tók við búi eftir föður sinn og bjuggu hann og Rósá í Hvassafelli frá 1858-1862 ásamt systkinum hans, Hallgrími og Rannveigu. Á Sámsstöðum bjuggu þau Rósá frá 1862-1879 en síðar að Steðja á Þelamörk. Þau eignuðust eina dóttur sem dó ung. Þau fóstruðu Jóhönnu Guðnýju Jóhannesdóttur dóttur Rannveigar, systur Jónasar. Jónas lést að Steðja 6. ágúst 1895.

Þorsteinn Þorsteinsson (1835-1891)

Þorsteinn Þorsteinsson fæddist 24. nóvember 1835 á Neðstalandi. Hann ólst upp hjá foreldrum sínum á Neðstalandi en 5 ára er hann með þeim í Hvassafelli. Hann giftist 22. júlí árið 1869 Þorgerði Sigfusdóttur f. 1838. Þorsteinn og Þorgerður eignuðust 3 börn, Sigtrygg og Ásdísi, og Hallgrím Tryggva sem dó aðeins 24 ára gamall 12. des. 1892, sagður miklum gáfum gæddur. Þorsteinn lærði bókband til að skapa sér tækifæri til að lesa bækur. Voru þau hjón í vinnumennsku á ýmsum bæjum í Eyjafirði s.s. Hvammi, Svíra og Miðlandi. Þorsteinn andaðist í Litladal 18. sept. 1891. Þorsteinn bar viðurnefnið „hinn sterki“ og er þá visað til lískamlegs og andlegs atgervis og um hann er sagt að hann væri „talandi skáld“ en hann þótti afburðavel hagmæltur og æringi mikill.



Sigtryggur Þorsteinsson




Ingibjörg Jóhannesdóttir

Þorsteinn Hallgrímsson (1800-1857)

- Hallgrímur Þorsteinsson (1830-1876)
 - Anna Sigríður Hallgrímsdóttir (1861-?)
 - Ingibjörg Árnadóttir (1888-1954)
 - Jón Árnason (1888-1966)
 - Snjólaug Flóvents dóttir (1896-1966)
 - Snjólaug Hallgrímsdóttir (1865-1958)
 - Ástriður Sæmundsdóttir (1898-1982)
 - Guðrún Sæmundsdóttir (1901-1993)
 - Þóroddur Sæmundsson (1905-2003)
- Jónas Þorsteinsson (1831-1895)
- Þorsteinn Þorsteinsson (1835-1891)
 - Hallgrímur Tryggvi Þorsteinsson (1868-1892)
 - Sigtryggur Þorsteinsson (1873-1961)
 - Hallgrímur Sigtryggsson (1894-1961)
 - Þorgerður Sigtryggsdóttir (1897-1981)
 - Ólöf Sigtryggsdóttir (1932-1990)
 - Sigtryggur Sigtryggsson (1933-)
 - Sigriður Sigtryggsdóttir (1941-1979)
 - Ásdís Þorsteinsdóttir (1876-1955)
 - Tryggvi Þorsteinsson (1911-1975)
- Rannveig Þorsteinsdóttir (1839-1898)
 - Þorvaldur Jóhannesson (1861-?)
 - Jóhanna Guðný Jóhannesdóttir (1862-?)
 - Guðrún Jóhannesdóttir (1863-1922)
 - Þorsteinn Jóhannesson (1866-1938)
 - Rannveig Þorsteinsdóttir (1892-1969)
 - Loftrún Þorsteinsdóttir (1895-1987)
 - Svava Þorsteinsdóttir (1899-1901)
 - Svarav Þorsteinsson (1902-1962)
 - Helga Jóhannesdóttir (1868-1945)
 - Sigurbjörn Friðriksson (1893-1970)
 - Jórunn Sigurrós Friðriksdóttir (1903-1978)
 - Ingibjörg Jóhannesdóttir (1872-1950)
 - Valgerður Jóhannesdóttir (1875-1895)
 - Jón Jóhannesson (1879-?)



Jóhanna Guðný Jóhannesdóttir



Þorsteinn Jóhannesson

Rannveig Hallgrímsdóttir (1802-1874)

Rannveig Hallgrímsdóttir fæddist í Hvassafelli í Eyjafirði f. 23.09. 1802 d. 1874. Rannveig var tvígift. Fyrri maður hennar var Tómas Ásmundsson bóndi og hreppstjóri á Steinsstöðum í Öxnadal, f. 1793, d. 1855. Seinni maður Rannveigar var Stefán Jónsson umboðsmaður og alþingismaður, f. 1802, d. 1890. Börn Rannveigar og Tómasar voru: Hallgrímur f. 8.8. 1822 d. 22.9.1899, Ásmundur f. 11.8. 1825, d. 23.8.1825, Jónas f. 16.12. 1832 d. 7.3. 1838, Kristín Rannveig f. 6.11. 1834, d. 5.12. 1921. Í ævisögu Jónasar Hallgrímssonar (bróður Rannveigar) eftir Pál Valsson segir um Rannveigu: "Rannveig Hallgrímsdóttir var cinnig skörungur, hagmelt og meinfyndin." Einnig má benda á að Jónas bróðir hennar leit upp til systur sinnar á yngri árum sem gáfaðri og fjölfroðri systur sem hann gat skrafað við um heima og geyma og ekki laust við að hann hefði minnimáttarkennd gagnvart henni. Hún var jú, eldri og þroskaðri en hann. Má þar nefna Grasaferð, en allt um það að sinni. Um Steinstaðaheimilið segir Bernharð Stefánsson: "Steinstaðaheimilið var í þá daga talið myndar heimili. Efni voru góð, húsakynni mikil og reisuleg eftir því sem þá gerðist. Þar var gistiður flestra ferðamanna sem um dalinn fóru, og þar komu fjölmargir." Einsog fyrr segir mun Rannveig hafa verið skáldmælt og skýrleiks kona, en tíðarandi fór á skjön við hæfileika hennar að ætla má og síðar gerist yngri bróðir hennar landsþekktur skáldjöfur svo ekki fer sögum af hvort eða hvar andi hennar fékk útrás.



Rannveig Hallgrímsdóttir

Hallgrímur Tómasson (1822-1899)

Hallgrímur fæddist á Steinsstöðum 8. ágúst 1822 og ólst þar upp. Hann kvæntist árið 1842 fyri konu sinni Dýrleifu Pálsdóttur f. 1819. Bjuggu þau að Auðnum í Öxnadal og þar lést Dýrleif af barnsförum árið 1849. Þau eignuðust sex börn, upp komust Páll og Tómas, en tvíburarnir Rannveig og Þórunn f. 1844, Jónas f. 1846 og óskírður drengur f. 1849 dóll ung. Hallgrímur kvæntist 1851 seinni konu sinni Margréti Thorlacius Einarsdóttur f. 1819. Börn þeirra voru fjölgur, Einar Július, Rannveig Dýrleif og Valdimar komust upp en Ásgrimur f. 1859 dó ungar. Þá eignaðist Hallgrímur Ingimar með Soffiu Jónsdóttur f. 1834, d. 1908. Hallgrímur flutti ásamt fjölskyldu sinni frá Auðnum inn í Eyjafjörð, bjó fyrst í Miklagarði og síðar á Grund og Litla-Hóli. Var um árabil hreppstjóri í Hrafagnilshreppi. Hann lést á Akureyri 22. sept. 1899 og hafði þá dvalið þar í nokkur ár ásamt Margréti konu sinni hjá Rannveigu dóttur þeirra, og manni hennar Eggert Laxdal. Margrét lést árið 1915



Páll Hallgrímsson

Kristín Rannveig Tómasdóttir (1834-1921)

Kristín Rannveig Tómasdóttir var fædd 6.dec. 1834 á Steinstöðum í Öxnadal. Hún giftist sr. Jóni Einarssyni Thorlacius 1856, 22 ára gömul. Hann var prestur í Saurbæ í Eyjafirði frá 1866 og dó þar 12. sept. 1872, 56 ára gamall. Eftir lát hans bjó hún um skeið á eign sinni, Melgerði, í sömu sveit. Gerðist síðan matráðskona við Möðruvallaskóla 1880-1881. Flutti skómmu seinna til Reykjavíkur og raf þar matsölu í nokkur ár. Flutti svo til Kaupmannahafnar og hélt m.a. heimili fyrir Ólaf son sinn og fleiri skyldmenni. Ólafur var þá í framhaldsnámi við fæðingaspítala í Kaumannahöfn. Síðustu æfíar sín dvaldi Kristín Rannveig hjá Ólafi syni sínum, en hann var þá héraðslæknir á Djúpavogi og bjó á Búlandsnesi. Þar lést hún 5.des. 1921.



Kristín Rannveig Tómasdóttir



Tómas Hallgrímsson



Einar Július Hallgrímsson

Rannveig Hallgrímsdóttir (1802-1874)

Hallgrímur Tómasson (1822-1899)
Páll Hallgrímsson (1843-1915)
Kristján Pálsson (1882-1960)
Dýrleif Pálsdóttir (1887-1976)
Rannveig Pálsdóttir (1890-1906)
Guðny Pálsdóttir (1892-1965)
Anna Pálsdóttir (1896-1978)
Tómas Hallgrímsson (1847-1901)
Steingrímur Tómasson (1876-1878)
Hallgrímur Tómasson (1877-1932)
Elín Rannveig Tómasdóttir (1878-1966)
Rannveig Tómasdóttir (1881-1969)
Ólafra Elísabet Tómasdóttir (1887-1947)
Dýrleif Tómasdóttir (1885-1957)
Einar Július Hallgrímsson (1852-1902)
Margrét Júliusdóttir (1878-1882)
Þórey Júliusdóttir (1879-1908)
Jón Júliusson (1881-1881)
Jón Marinó Júliusson (1882-1971)
Hallgrímur Júliusson (1885-1890)
Jenny Kristjana Júliusdóttir (1885-1960)
Margrét Júliusdóttir (1891-1991)
Hallgrímur Júliusson (1894-1961)
Rannveig Dýrleif Laxdal (1850-1906)
Bernharð Laxdal (1876-1905)
Valdimar Hallgrímsson (1856-1916)
Fanney Valdimarsdóttir (1875-1969)
Hallgrímur Valdimarsson (1875-1961)
Margrét Valdimarsdóttir (1880-1915)
Ingimar Hallgrímsson (1859-1937)
Ingibjörg Ingimarsdóttir (1882-1899)
Margrét Ingimarsdóttir (1885-1962)
Hrefna Ingimarsdóttir (1889-1979)
Július Ingimarsson (1903-1978)
Sigrún Ingimarsdóttir (1907-1992)
Birna Ingimarsdóttir (1910-)
Helga Ingimarsdóttir (1914-)
Rannveig Kristín Tómasdóttir (1834-1921)
Ólafur Thorlacius (1869-1953)
Sigurður Thorlacius (1900-1945)
Kristín R. Thorlacius (1901-1916)
Ragnhildur Thorlacius (1905-1936)
Erlingur Thorlacius (1906-1981)
Birgir Thorlacius (1913-2001)
Kristján Thorlacius (1917-1999)



Rannveig Dýrleif Laxdal



Valdimar Hallgrímsson



Ingimar Hallgrímsson



Ólafur Thorlacius



Gamli bærinn á Hrauni í Öxnalad

Jónas Hallgrímsson (1807-1845)

Jónas fæðist að Hrauni í Öxnalad 16. nóvember 1807 en flyst með foreldrum og systkynum 1808 að Steinsstöðum sem verður æskuheimili Jónasar. Árið 1823 er Jónas tekinn í Bessastaðaskóla. Situr hann þar næstu sex vetur og útskrifast þaðan árið 1829 og hlýtur góðan vitnisburð. Jónas tekur við stöðu sem skrifari hjá R. C. Ulstrup bæjar- og landfógeta í Reykjavík og er þar þrjá vetur áður en hann fer utan til náms í Hafnarháskóla. Jónas var einn af stofnendum tímaritsins Fjölnis árið 1834 og var driffjöðrin í því meðan það rit var og hétt. Árið 1838 lýkur Jónas prófum í náttúrufræðum sem voru síðustu próf hans við Hafnarháskóla. Eftir háskólanámið ferðast Jónas víða og stundar vísindalegar rannsóknir hérlandis og víðar við náttúru skoðun og margt fleira s.s þýðingar, ritstörf ýmis konar ásamt því að láta þjóðþrifamál til sín taka. 1843 um mitt sumar fer Jónas til Sóreyjar, smábæjar á miðju Sjállandi. Í Sórey vinnur Jónas auk annara vísindastarfa að því að endurbæta og þýða á dönsku rit sín um eldgos og landskjálfta á Íslandi frá landnámstíð, sem hann hafði byrjað að semja kringum 1839. 6. Maí 1844 fer Jónas frá Sórey til Kaupmannahafnar, í skyndiferð, en snýr ekki aftur. Undir ævilok sín í Kaupmannahöfn, yrkir hann meira en nokkurn tíma fyrr, þar má nefna vísuna: Enginn/grætur/Íslending/einan sér og dáinn... Aðfaranótt 21.maí 1845 hrasar Jónas í stiga og brotnar á vinstra fæti, Morguninn eftir er hann fluttur á Friðriksspítala og andast þar að morgni 26.maí, 37 ára að aldri. Útför Jónasar er gerð og lík hans grefrað Assistenskirkjugarði í Höfn.



Anna Margrét Hallgrímsdóttir (1815-1866)

Anna Margrét fæddist á Steinsstöðum 27. desember 1815. Hún þótti á einhvern hátt þroskahömluð og fylgdi móður sinni alla tíð. Haft var eftir Páli Hallgrímssyni, sonarsyni Rannveigar á Steinsstöðum, sem mundi Önnu Margréti vel, að hún hefði verið fríð sýnum, hæglát og bargóð og hefði stundum gætt barna og barnabarna systkina sinna og unnið létt heimilisstörf. Anna Margrét lést á Steinsstöðum 20. júní, 1866.